

VEÐURFRÆÐINGUR

KRAKKAHÓPUR 4-6 ÁRA U.D.B. 1-2 BÖRN.

Framkvæmd

1. Fyrst þarf kennari að mæta undirbúinn og vera búinn að undirbúa aðstöðu sem býður upp á frið og ró svo upptökur geti hafist.
2. Það þarf að hengja upp grænskjátjaldið, setja upp myndir svo það er auðvelt fyrir börnin að finna þær sem þau þurfa og vera með upptökutæki (Sími eða iPad).
3. Síðan er barnið/börnin sótt og veður.is er skoðað og athugað hvernig veðrið sé þann daginn. Þau munu skoða hvernig veðrið verður (sól, rigning eða snjór), hitastig, vindátt og vindstig.
4. Barnið/börnin ákveða hvaða miða þarf til að setja á veðurkortinu og hvað þau vilja segja eins og „Í dag er heiðskirt og 5 gráður. Austanátt og 5-8 m/s“.
5. Þegar allt er orðið klárt til að taka upp er það gert og hægt að aðstoða börnin með því að halda á iPadinum eða ef tvö börn koma þá getur annað þeirra verið veðurfræðingur og hinn upptökumaður. Barnið segir frá og setur myndirnar á grænskjátjaldið á meðan það er að segja frá veðrinu.
6. Því næst er myndbandið unnið í iMovie eða öðru grænskjá forriti og börnin læra að setja mynd af íslandskorti og myndbandið þeirra saman. Hægt er að skoða á www.snjollborn.com hvernig grænskjá myndband er unnið.

EFNIVIÐUR

IPAD

GRÆNKSJÁ FORRIT:

IMOVIE EÐA

GREEN SCREEN BY DO INK

MYNDIR FYRIR VEÐURFRÆÐING

(VIÐHENGI Á HEIMASÍÐUNNI)

GRÆNT/BLÁTT TJALD

AÐSTÖÐU TIL UPPTÖKU

MYND AF ISLANDSKORTI

WWW.VEDUR.IS

Markmið – hvað viljum við að

þau læri/uppgötvi/skapi

- Upplýsingatækni
- Umhverfisvitund
- Veðurfræði
- Tengja við klæðnað eftir hvernig veðurspáin er

Hvað er gott að hafa í huga

- Að vera með herbergi þar sem truflun sé lítil
- Börn þurfa smá aðstoð fyrst en síðan læra þau á myndavélina og grænskjáforritið
- Hægt að auka þekkingu með að bæta inn klæðnaði fyrir mismunandi veður eða eftir því hvaða árstíð er